

Bleikja ehf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

16. desember 2025
UOS2501702/M.S.

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfis- orkustofnun vísar í bréf sitt frá 20. nóvember 2025, þar sem fram kom að frávik hefðu verið skráð í eftirliti í Bleikju ehf., Laugum Landsveit, þann 26. september 2025. Þann 10. desember 2025 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

1. Gr. 42 í reglugerð 884/2017. Árekstrarvörn vantar á olíutank við gömlu rafstöðina, sbr. 1. mgr. 42. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. **Rekstraraðili mun tryggja að árekstrarvörn verði komin fyrir árslok 2025 með því að færa olíutankinn inn í gám sem er á svæðinu.**
2. Gr. 1.4 í eldra starfsleyfi. Ársyfirlit vegna rekstrarársins 2022 sem skal vera aðgengilegt eftirlitsaðila var ekki til staðar. **Rekstraraðili hefur skýrt út að við yfirtöku Bleikju frá fyrra handhafa starfsleyfisins, glötuðust gögn m.a. ársyfirlit. Frávik er lokað.**
3. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti sem ber að skila fyrir 1. maí ár hvert, hefur ekki verið skilað vegna rekstrarársins 2023. **Rekstraraðili hefur skýrt út að við yfirtöku Bleikju frá fyrra handhafa starfsleyfisins, glötuðust gögn m.a. ársyfirlit vegna rekstrarársins 2023. Frávik er lokað.**
4. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Ársyfirliti sem ber að skila fyrir 1. maí ár hvert, hefur ekki verið skilað vegna rekstrarársins 2024. **Rekstraraðili hefur skilað inn ársyfirliti fyrir rekstrarárið 2024. Frávik er lokað.**
5. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) fyrir rekstrarárið 2023 hefur ekki verið skilað. **Rekstraraðili hefur skýrt út að við yfirtöku Bleikju frá fyrra handhafa starfsleyfisins, glötuðust gögn m.a. umhverfisupplýsingar vegna rekstrarársins 2023. Frávik er lokað.**
6. Gr. 4.5 í starfsleyfi. Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) fyrir rekstrarárið 2024 hefur ekki verið skilað. **Rekstraraðili hefur skilað inn umhverfisupplýsingum fyrir rekstrarárið 2024. Frávik er lokað**

Umhverfis- og orkustofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna opins frávíks og verður tekið út í næsta eftirliti stofnunarinnar.

Verði frávíki ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfis- og orkustofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfis- og orkustofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst,

María Svavarsdóttir

sérfræðingur

Frigg Thorlacius

lögfræðingur